
Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

Benedikt Gunnarsson sýnir



Benedikt Gunnarsson setur upp sýningu sína.

Hundrað myndir og fimm betur, gæti verið undirtitill á sýningu þeirri, sem Benedikt Gunnarsson hefur komið fyrir í Vestursal Kjarvalsstaða. Þar getur að líta aðallega tvær gerðir mynda, olíumálverk og pastelmyndir. Samkvæmt sýningarskrá eru olíumálverkin 55 að tölu, og eru því pastelmyndir álíka margar. Benedikt hefur verið mikill vinnuþjarkur að undanförnu; hann hefur lagt stund á skreytingar víðs vegar um land ásamt því að gegna lektorsstarfi við Kennaraháskóla Íslands. Af þessu má gerla sjá, að Benedikt Gunnarsson hefur ekki setið auðum höndum að undanförnu.

Sýningar Benedikts eru nú orðnar fjölmargar, og hann hefur tekið þátt í enn fleiri sýningum, enda er hann enginn byrjandi í myndlist. Margþjálfaður víða um lönd og löngu búinn að skapa sér vissan svip sem *myndlistarmaður, sem haldist* hefur, hvort heldur hann hefur unnið abstrakt (eins og hann gerði hér áður fyrr) eða fígúratíft, eins og verið hefur nú seinustu árin. Það er eins með Benedikt og marga aðra, að á seinni árum hefur hann meira og meira hneigst til fígúratífrar myndgerðar, sem er þess eðlis að byggt er á þeirri reynslu, sem fengin hefur verið með abstraktri myndgerð, en vissir hlutir og áhrif frá sjálfri náttúrunni koma greinilega til skila í túlkun listamannsins. Benedikt Gunnarsson hefur alltaf sýnt tilhneigingu í þá átt að tjá trúarlegar tilfinningar og jafnvel örlað fyrir trúarlegri mystík, ef manni leyfist að nota svo óíslenskt orð. Þetta atriði kemur greinilega fram á þessari sýningu Benedikts, og vísa ég til pastelmyndar nr. 87 „Kristur í Getsemane" máli mínu til stuðnings. Enn fremur má lesa dulhneigð úr sumum öðrum verkum, einkum og sér í lagi úr listameðferð Benedikts.

Þetta er stór og umfangsmikil sýning, eins og segir í upphafi þessa máls. Það eru nokkuð misjafnir hlutir hér á ferð, og er það eins og oft vill verða, að listamaðurinn hefði getað náð betra samhengi í þessa sýningu, ef hann hefði valið meir úr verkunum. En þetta er synd, sem við allir brennum okkur á meira og minna, svo að ekki skal ég erfa það að ráði við Benedikt. Þau verk, sem vöktu óskipta eftirtekt mína á þessari sýningu, voru til dæmis: Olíumálverk eins og nr. 17, 20, 30, 38, 45, 50. Af pastelmyndunum eru mér minnisstæðastar: nr. 71, 81, 87, 88. Einnig voru hengdar á gangi nokkrar pastelmyndir, og nr. 102, 90, 98. 97, voru allt verk, sem mér fannst bera af og hefðu átt að vera á betri stað að mínu áliti. *Það er áberandi í þessum verkum* Benedikts, að hann hugsar mikið um landslagið og vélvæðinguna. Hann sýnir okkur geimfara, lögreglumenn með hjálma og verkamenn með höfuðhlífar. Verksmiðjur og mengun fá einnig sitt. Veðurfar, vindar og ljósaskipti eru einnig í þessum verkum. Eldarnir í Eyjum virðast einnig hafa haft sín áhrif á listferil Benedikts, og mörg verk eru byggð á þeim miklu hamförum. Það er fyrst og fremst andrúmsloft þessa atburða, sem Benedikt tjáir í myndgerð sinni, en ekki er hér um að ræða nákvæmar og smásmugulegar eftirlíkingar af sjálfum atburðunum. Það er einnig einkennandi fyrir þessa sýningu Benedikts, hve hann virðist hafa miklu fastari tök á sjálfri teikningunni í þessum verkum en litameðferð. Honum tekst oft vel með vissa tóna, en það kemur líka fyrir, :ð hann ræður ekki við þann ofsa, er hann sleppir lausum í sumum þessara verka.

Þetta er um margt skemmtileg sýning, en nokkuð misjöfn að mínum dómi. Hún sýnir vel þá elju, sem Benedikt er haldinn við vinnu sína, og hún er honum til sóma um flest. Eins og sjá má af þessum línum nöldra ég ofurlítið, en hvað um það, hlutirnir geta verið öðrum mikils virði fyrir það, og varla kemur það fyrir, að menn séu algerlega sammála um listir. Það er einmitt þetta atriði, sem gefur listum líf og gerir þær ómissandi í tilveru fólks.

Valtýr Pétursson.

Sýning Rudolfs Weissauer



Ekki hef ég hugmynd um, hve margar sýningar Rudolf Weissauers eru orðnar í rauða húsinu hjá honum Guðmundi Árnasyni við Bergstaðastræti, en ekki furðaði mig á því, að þær væru farnar að nálgast tylftina eða jafnvel meir. Weissauer hefur haldið mikilli tryggð við staðinn og Guðmund Árnason, enda er maðurinn að nokkru fluttur hingað til lands og stundar jafnframt því að fremja myndlist, kennslu í tæknibrögðum sínum við skólann í Skipholtinu. Er ekki að efa, að skólanum er mikill fengur í svo miklum kunnáttumanni sem Weissauer er, og segja mætti mér, að hann puntaði svolítið upp á tæknikunnáttu hjá sumum, sem þar eru í atvinnu. Að öllum ólöstuðum held ég, að það sé hvalreki fyrir okkur hér að fá tilsögn hjá jafn færum manni á sínu sviði og Rudolf Weissauer er. Hann er löngu fullmótaður listamaður, sem hefur skapað sinn stíl og aðferðir. Hann hefur enga löngun til að frelsa heiminn, en vinnur verk sín af mikilli alúð og þekkingu. Hann er einn af þeim mönnum, sem hafa efni á að vera hljóðlátur og lítillátur, en sannir í verki og hug.


Á þessari sýningu hjá Guðmundi Árnasyni eru um þrjátíu verk, unnin í ýmisleg efni: Olíukrít, vatnsliti, Línoleumskurð, Aquatintu (Monotýpur). Weissauer er nýlega kominn úr hringferð með strandferðaskipi og hefur gert mikið af þessum verkum í því ferðalagi, og bera flest verk á þessari sýningu þess merki, að hann hefur haft mikla ánægju af þessu ferðalagi og séð margt, er kom honum til að tjá skammdegi við Íslandsstrendur. Það eru þorpin, fjöllin, bátarnir og mannlífið, sem tekið hefur hug hans, en samt eru þessi verk öll í stíl

Framhald á bls. 19.


Hörku-spennandi unglinga-meistaramót

Í síðustu viku fór fram í Reykjavík Unglingameistaramót Íslands í skák. Þátttökurétt höfðu allir sem fæddir eru eftir 1. janúar 1957.

Þátttakendur voru 30 talsins og eins og búist hafði verið við var keppnin um efsta sætið mjög hörð, enda til mikils að vinna, sigurvegarinn fékk nefnilega þátttökuréttindi á alþjóðlegt unglingaskákmót í Hallsberg um næstu áramót.



Þorsteinn Þorsteinsson



Karl Þorsteins

Fyrir fram voru þeir Jóhann Hjartarson og Þorsteinn Þorsteinsson úr Taflfélagi Reykjavíkur álitnir hafa mesta möguleika, enda stóðu þeir sig báðir með ágætum í B-riðli á Haustmóti TR. á dögunum. Eftir fimm umferðir hafði þó Arngrímur Gunnhallsson skotið þeim báðum ref fyrir rass og var einn efstur með 4½ vinning. Í sjöttu umferð missti hann þó þráðinn og tapaði fyrir Þorsteini í hinni raunverulegu úrslitaskák mótsins. Arngrímur átti þó enn möguleika á sigri, *en í síðustu umferð varð hann* að lúta í lægra haldi fyrir Karli Þorsteins, T.R. Karl er aðeins 13 ára og mjög efnilegur skákmaður. Á meðan gerði Þorsteinn baráttulítið jafntefli við Hauk Bergmann, Skákfélagi Keflavíkur, og þótt þeir Jóhann og Karl hefðu náð honum að vinningum var hann hinn öruggi sigurvegari á stigum.

Þorsteinn er 17 ára gamall. Hann tók þátt í síðasta Hallsberg-móti og stóð sig þá með miklum ágætum, hlaut fimm vinninga af níu mögulegum og tapaði engri skák.

Jóhann Hjartarson olli nokkrum vonbrigðum á mótinu, en eftir tap fyrir Hauki Bergmann í fjórðu umferð voru möguleikar hans næsta litlir.



Jóhann Hjartarson

Röð efstu manna á mótinu varð annars þessi: 1. Þorsteinn Þorsteinsson, T.T. 5½ v. (25,5 stig). 2. Karl Þorsteins, T.R. 5½ v. (24,0 stig). 3. Jóhann Hjartarson, TR. 5½ v. (23.0 stig). 4.—6. Haukur Bergmann, S.K., Jóhann Ragnarsson, T.R., og Ásgeir H. Guðmundsson, T. Norðfj. 5 v. 7. Arngrímur Gunnhallsson, T.A. 4½ v. 8.—12. Stefán G. Þórisson, T.R., Arnór Björnsson, T.R., Haukur Arason, T.R. og Björn Ævarsson, T. Eskifj. 4 v.

Loks kemur hér ein skák frá hendi sigurvegarans:

Hvítt: Þorsteinn Þorsteinsson
Svart: Arngrímur Gunnhallsson
Sikileyjarvörn
1. e4 — c5, 2. Rc3 — Rc6, 3. g3 — e6,
(Öllu viðurkenndari leikaðferð er hér 3. . . g6)
4. Bg2 — Rf6, 5. f4 — d5, 6. e5 — Rd7,
(Engu síðri leikur er hér 6. . . d4! ? Framhaldið gæti orðið: 7. exf6 — dxc3, 8. bxc3 — Dxf6, 9. Rf3 — Dd8, 10. 0-0 — Be7, 11. Re5! og hvítur hefur heldur rýmra tafl)
7. d3 — Be7, 8. Rf3 — 0-0, 9. 0-0 — a6,
(Eðlilegri áætlun virðist 9. . . Hb8 og síðan b7 — b5 strax í kjölfarið)
10. De1 — f6? !
(Betra var 10. . . b5, en svartur hefur ekki viljað sitja auðum höndum á kóngsvæng. Þessi